

## 8. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 25. janúar 2017 kl. 20:00.

**Mættir eru:** Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.



### 1. Kjör í ungmennaráð Árborgar

Þar sem Elfar Oliver Sigurðarson hefur sagt sig frá setu sem varamaður í ungmennaráði Árborgar var Þórunn Ösp Jónasardóttir kjörin varafulltrúi til loka ársins 2017.

### 2. Aðalfundir Umf. Selfoss og deilda

Fjórar deildir hafa ákveðið dagsetningu á aðalfundi en enn er beðið eftir svari frá þremur deildum. Auk þess fundaði knattspyrnudeild í lok nóvember og lyftingadeild hélt stofnfund í gær.

Farið var yfir ýmis mál tengd aðalfundi félagsins þ.m.t. mögulegar breytingar á stjórnarsetu í framkvæmdastjórn og aðalstjórn.

### 3. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

Bókun aðalstjórnar frá 7. desember hefur ekki verið tekin fyrir í bæjarráði og endanlegar upphæðir og tímalengd samnings liggja því ekki fyrir. Unnið er að því að ljúka við gerð eins árs samnings.

### 4. Kynning á ferð framkvæmdastjóra til Danmerkur

Framkvæmdastjóri skýrði frá ferð sinni og Arnar Guðnasonar til Danmerkur fyrr í mánuðinum. Þeir hittu fulltrúa DGI Östjylland til að koma á samvinnu milli Umf. Selfoss og íþróttafélaga á svæðinu í kringum Árósa.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 20:44.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**